

Heilsuleikskólarnir Brimver og Æskukot

Eyrarbakka og Stokkseyri

Grænfánaleikskóli

Í **Brimveri og Æskukoti** er lögð áhersla á að umhverfismennt flæði í gegnum allt starf leikskólans. Hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd, grípa tækifærið og vera minnugur þess að leikurinn er námsleið leikskóla. Umhverfismennt er í gangi allt árið en frá apríl til október er aukin áhersla á útvíst þar sem börnin njóta náttúru og umhverfis í leik og starfi.

Umhverfissáttmáli Brimvers og Æskukots

Stefnan hér á Brimveri/Æskukoti er sem segir hér.
Göngum vel um náttúruna, virðum bæði tré og runna.
Svo dýr og menn á jörðu geta lengi leikið sér.
(lag: Gamli Nói)

Heilsustefnan

Áhersluþættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð og holl næring, mikil hreyfing, listsköpun og lífsleikni skulu ávallt vera aðalsmerki þeirra.

Næring

Stuðla skal að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Leggja skal áherslu á að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og nota sykur og salt í hófi. Vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla skal tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna og fá næringarráðgjafa til að fara yfir matseðla og næringarinnihald.

Hreyfing

Umhverfið þarf að bjóða upp á möguleika bæði til gróf- og fínhreyfinga til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega úti og inni. Lögð skal áhersla á skipulagðar hreyfistundir að lágmarki 1 sinni í viku, sem stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan ásamt gleði. Markmiðið er að efla alhliða þroska barnsins og líkamsvitund, sem leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Listsköpun

Mikilvægt er að vinna með og/eða tengja saman fjölbreytt tjáningarform listsköpunar s.s. myndlist, tónlist og leiklist. Lögð skal áhersla á markvissa listsköpun, þar sem unnið er með einn eða fleiri þætti listsköpunar. Markmiðið er að viðhalda forvitni, sköpunargleði, efla sjálfstraust og ímyndunarafli barnanna. Sjálfst sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman.

Lögð skal áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, geri tilraunir og þjálfu upp færni sem leiðir af sér að þau verði viss um eigin getu.

*Í **Brimveri og Æskukoti** er starfandi íþróttافرæðingur og krakkajógakennari sem flakkar á milli starfsstöðva með skipulagða íþrótt- og jógakennslu. Börnin stunda hreyfinguna í aldursskiptum hópum og fer kennslan fram tvisvar sinnum í viku á hvorri starfsstöð, auk annars hvers föstudags.*

*Í **Brimveri og Æskukoti** er einnig starfandi tónmenntakennari sem flakkar á milli starfsstöðva. Tónmenntakennslan er kennd í aldursskiptum hópum og fer fram tvisvar sinnum í viku á hvorri starfsstöð.*

Skólarnir við ströndina

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri tekur stakkaskiptum síðustu fjóra daga vetrarins ár hvert. Þá er hefðbundið skólastarf lagt niður og að húni er dreginn fáni Barnabæjar. Barnabær er sjálfstætt ríki þar sem settar eru upp fjölmargar vinnustöðvar sem kennarar, foreldrar og nærsamfélagið eru þátttakendur í.

*Elsti árgangur leikskólanna **Brimvers og Æskukots** er boðinn þátttaka í þessu verkefni með það að markmiði að fá að kynnast skólaumhverfinu, vinna sjálfstætt að skapandi verkefnum og um leið fá að kynnast kennurum og nemendum skólans.*

Auk þess að taka þátt í Barnabæjarverkefninu fer elsti árgangur leikskólanna einnig í vorskóla þar sem þau fá að kynnast hinu hefðbundna skólastarfi enn frekar.

Önnur verkefni

Árangursríkt læsi

Leikskólar í Sveitarfélaginu Árborg eru nú allir þátttakendur í verkefni sem ber yfirskriftina „Árangursríkt læsi – færni til framtíðar“. Markmið verkefnissins er að auka hæfni, þekkingu og leikni leikskólabarna í læsi í leikskólum Árborgar. Með verkefninu er lögð aukin áhersla á aukinn hlustunar- og málsskilning barna, aukinn orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu.

*Partur af málörvun okkar á **Brimveri og Æskukoti** er hið svo kallað Bangsaverkefni. Það virkar þannig að hver deild á sinn bangsa sem geymdur er í tösku, en í henni eru einnig bangsaföt, litir, skriffæri og stílabók. Á hverjum föstudegi er svo dregið um það hver fær að fara heim með bangsan yfir þá helgi. Foreldrar barnanna skrá svo niður í stílabækurnar það sem bangsinn fékk að bralla með barninu yfir helgina, og er það svo lesið upp fyrir börnin í leikskólanum á mánudegi. Þessu fylgir oft mikil eftirvænting, bæði að fá að taka bangsan með heim og eins að fá að hlusta á og segja frá ævintýrum helgarinnar.*